



Netslit


Það er tvennt sem hægt er að skoða og þarf að greina þar á milli.

- **Slit milli tölvu og beinis**
 1. [Ef þú ert tengd/ur með kapli](#)
 2. [Ef þú ert tengd/ur þráðlaust](#)

- **Slit milli beinis og símtengils**
 1. [Slit milli beinis og símtengils](#)

Ef þú ert tengd/ur með kapli

Þá eru þetta helstu villuskilaboðin sem birtast þér.



Gott er að athuga hvort að það logi ljós á beininum, þar sem netsnúran fer inn.
(Á hvíta Vox beininum frá Vodafone þá þarf að smella á bilanagreiningatakkann).

Næsta skref er að reyna að einangra vandamálið.

- Ef það er önnur tölva sem er tengd með kapli og er ekki að upplifa þetta vandamál, þá liggur vandamálið líklegast í netsnúru eða netkorti.
- Ef það er önnur tölva sem er tengd með kapli og er einnig að fá sömu villaskilaboð, þá liggur vandamálið líklegast í beini.


Þá þarf að prófa að skipta um netkáp, ef það lagast ekki þá þarf að skipta um beini.

Athugið: Það má ekki tengja í tengi 4 (*Port 4*) á beinum frá Vodafone.


Ef þú ert tengd/ur þráðlaust

Þá eru þetta helstu villuskilaboðin sem birtast þér. Einnig er hægt að tvísmella á skjáinn til að sjá styrk tengingarinnar (*Meðan þú ert tengd/ur*).

Ef styrkurinn er mjög lár þá er möguleiki að það sé þráðlausa sem er að slitna, einnig ef tengingin slítur við álag, t.d niðurhal eða einfaldlega þung netnotkun.



Næsta skref er að reyna að leysa vandamálið.



Oft þarf að skoða staðsetningu beinisins, þykkir veggir (*t.d burðarveggir*) geta orsakað truflanir.

Annað sem getur haft áhrif á þráðlausa sambandið eru önnur þráðlaus tæki sem eru mjög nálægt beini eða milli beinis og tölvu. Oft eru það útvarpstæki eða ef móðurstöð fyrir þráðlausan síma eru við hlið beinisins.

Það eru fleiri tæki sem koma til greina, t.d bluetooth, þráðlausir símar eða örbylgjuofnar, í raun öll tæki sem senda frá sér bylgjur.

Ef þú býrð í fjölbýli þá þarf oft að breyta um tíðnina inná beininum svo að aðrir beinar í kring hafi ekki áhrif á þráðlausa net hans. Helstu rásir sem eru notaðar eru 2, 6 og 11 og er þetta einföld aðgerð. Hægt er að hafa samband við nethjálp í 1414 til að fá aðstoð með það.

Almennt besta leiðin til að bilanagreina þráðlaust vandamál er að hafa 2 tölvur sem tengjast þráðlaust á staðnum og athuga hvort þetta sé eins í báðum, hafa þær líka í sjónmáli við beini. Þá er hægt að finna út hvort vandamálið sé í tölvu eða beini.

Slit milli beinis og símtengils

Helstu einkenni eru:

- Netið dettur skyndilega út án villuskilaboða í tölvu
- Sjónvarpið dettur út (*Ef þú ert með sjónvarp gegnum netið*)
- Allar tölvur missa netsamband á sama tíma
- Netljós (DSL Ljós) á beini dettur út / blikkar rólega.

Það getur verið misjafnt hversu oft netið er að slíta, t.d ef netið þitt er að slíta á 20min fresti, þá þarf að prófa þetta í 40mín og sjá hvort að það haldi áfram að slíta. Ef það er að slíta á 1klst fresti þá þarf að prófa þetta í 2klst, osfv.

Þá er að reyna að leysa vandamálið.

- **Ef beinir er tengdur í gegnum tvítengi**

Þá þarf að aftengja allt sem tengist í símtengla á heimilinu og tengja beininn framhjá tvítengi og beint í tengil. Ef önnur símasnúra er fyrir hendi þá er mælt með því að prófa hana með.

- Ef þetta leysti vandamálið, þá þarf að endurnýja tvítengi og símasnúru.



Tvítengi / Splitter

- **Ef beinir tengist beint í símtengil**

Þá er fyrsta skrefið að skipta um símasnúru, ef vandamálið heldur áfram þá þarf að prófa annan tengil. Það þarf að aftengja alla heimasíma á meðan.

- Ef það leysti vandamálið að skipta um snúru, þá er málið leyst.
- Ef þú þurftir að færa þig yfir í annan tengil þá þarf að láta athuga tengil, mælt er með því fyrst að endurnýja smásíur fyrir heimasíma.

- **Ef beinir tengist beint í símkló**

Þá er fyrsta skrefið að skipta um símasnúru, ef vandamálið heldur áfram þá þarf að prófa annan tengil / kló. Það þarf að aftengja alla heimasíma á meðan.

- Ef það leysti vandamálið að skipta um símasnúru eða kló þá er málið leyst.
- Ef þú þurftir að færa þig yfir í annan tengil þá þarf að láta athuga tengil, mælt er með því fyrst að endurnýja smásíur fyrir heimasíma.

- **Ef netið dettur bara út þegar heimasíminn hringir**

Þá þarf að endurnýja smásíur fyrir heimasíma.



Smásía